

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

1. gr.

15. gr. orðist svo:

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það er hindrar umferð.

Bannað er að leggja ökutækjum á gangstéttum. Borgarstjórn getur veitt undanþágu frá banninu. Merkja skal sérstaklega þau bifreiðastæði, sem undanþága nær til. Bifreiðastæði þessi mega ekki taka meiri breidd af gangstétt en svo, að eftir verði a. m. k. 1,5 metri fyrir umferð um gangstéttina.

Vörubifreiðum, sem eru 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira, og fólksflutninga-bifreiðum, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, má ekki leggja á götum eða almennum bifreiðastæðum borgarinnar á tímabilinu milli kl. 22.00 og kl. 06.00. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar, án tillits til þunga þeirra. Borgarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, þar sem undanþága hefur verið veitt.

Heimilt er að flytja burtu og taka í vörslu borgarinnar bifreiðar, sem standa án skráninganúmera á götum og almennum bifreiðastæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn. Hann ber kostnað vegna flutnings og vörslu bifreiðarinnar.

2. gr.

Við 46. gr., sbr. breytingar nr. 95 14. júlí 1958, nr. 468 22. október 1975 og nr. 318 25. ágúst 1977, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Á svæðinu, sem afmarkast af Suðurgötu, Hringbraut, Ánanausti, Mýrargötu, Grófinni og Aðalstræti skal hámarkshraði vera 30 km á klst. Ákvæði þetta gildir ekki um Hofsvallagötu norðan Hringbrautar og Túngötu.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði nýrrar 3. málsgr. 15. gr. tekur þó eigi gildi fyrr en þremur mánuðum eftir birtingu samþykktarinnar.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. júní 1983.

Jón Helgason.

Hjalti Zóphóníasson.